Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Hlíðaskóli
Ábyrgð - Vinsemd - Virðing

HLÍÐASKÓLI

Starfsáætlun 2026-2027

Efnisyfirlit

1. Starfsáætlun ... 3
2. Stefna skólans ... 4
3. Skólamenning ... 6
4. Menntastefna Reykjavíkurborgar ... 8
5. Mannauður ... 10
6. Skipulag skólaárs ... 15
7. Táknmálssvið ... 20
8. Nemendur með annan tungumála og menningarbakgrunn ... 21
9. Stoðþjónusta ... 21
10. Tómstundastarf ... 27
11. Mat á skólastarfi ... 28
12. Skólaráð ... 29
13. Foreldrafélag skóla og foreldrasamstarf ... 31
14. Nemendafélag Hlíðaskóla ... 32
15. Hagnýtar upplýsingar um skólastarfið ... 33
16. Ýmsar áætlanir og reglugerðir ... 35

1. Starfsáætlun

Skóla ber, samkvæmt 29. gr. grunnskólalaga að vinna árlega starfsáætlun þar sem m.a. er gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlunin skal lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða og einnig fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

Í áætluninni er skóladagatal birt en þar sést hvenær kennsla hefst að hausti og hvenær henni lýkur að vori.

2. Stefna skólans

Einkunnarorð skólans eru: Ábyrgð - Virðing - Vinsemd

Hlíðaskóli starfar samkvæmt *grunnskólalögum*, *aðalnámskrá grunnskóla* og stefnu sem mörkuð eru af fræðsluyfirvöldum Reykjavíkurborgar. Menntastefna borgarinnar byggir á félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði. Stefna skólans byggir á þessum þáttum auk grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá. Samkvæmt Barnasáttmála SÞ eiga öll börn rétt á grunnmenntun án endurgjalds og skulu eiga kost á framhaldsmenntun ásamt upplýsingum og ráðgjöf um nám og störf (sjá nánar í *Barnasáttmála)*. Samskipti og háttsemi í skólanum skulu grundvallast á kjörorðum skólans, ábyrgð, virðing, vinsemd.

Í Hlíðaskóla er lögð áhersla á að skapa gott andrúmsloft og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Áhersla er lögð á að efla félagsþroska nemenda og veita þeim tækifæri til að takast á við krefjandi verkefni sem reyna á samvinnu. Í samstarfi þarf að bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum, sýna umburðarlyndi og vinsemd. Í skólanum er lögð rík áhersla á góðan skólabrag og vinsamlegt samfélag. Skólinn er vinnustaður margra ólíkra einstaklinga sem eiga rétt á því að stunda nám og starf í öruggu umhverfi.

Hlíðaskóli vinnur eftir hugmyndafræði leiðsagnarnáms og hefur það að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Tilgangur leiðsagnarnáms er að valdefla nemendur, svo þeir verði færir um að taka ábyrgð á eigin námi. Hlíðaskóli mun í vetur innleiða teymiskennslu í öllum árgöngum skólans. Fyrirkomulag teymiskennslu er með þeim hætti að tveir eða fleiri kennarar deila ábyrgð á skipulagi kennslu og nemendahóps.

Niðurstöður úr ytra og innra mati hafa verið nýttar til að endurskoða starfsaðferðir og áherslur í skólastarfinu með það að markmiði að ná sem bestum árangri. Lögð er áhersla á símenntun starfsmanna og í því sambandi er meðal annars horft til nauðsynlegra þróunar- og umbótaþátta í skólastarfinu til lengri og skemmri tíma.


Árangursríkt skólastarf byggist á gagnkvæmu trausti og samvinnu skóla og foreldra. Skólinn býður foreldra velkomna við ýmis tækifæri og leggur áherslu á gott og gefandi samstarf. Skólinn leggur jafnframt áherslu á virkt upplýsingaflæði milli heimila og skóla og fjölbreytt samstarf við grenndarsamfélagið.

Hlíðaskóli er með regnbogavottun og telst því vera regnbogaskóli. Markmið vottunarinnar er að gera starfsemi Reykjavíkurborgar hinseginvænni, bæði fyrir starfsfólk og nemendur, og þannig koma í veg fyrir beina og óbeina mismunun í garð hinsegin fólks.

Hlíðaskóli er fjölmenningarlegur skóli, en um 14% nemenda hefur annað móðurmál en íslensku og eru 29 mismunandi tungumál töluð í skólanum.

1. Stjórnskipulag Hlíðaskóla 2026-2027

Stjórnskipulag skólans er eins og eftirfarandi mynd sýnir:



2. Stjórnendateymi

Með stjórnun skólans fara auk skólastjóra, aðstoðarskólastjóri og fjórir deildarstjórar.

Á skrifstofu skólans er starfandi skrifstofustjóri og skólaritari. Einn náms- og starfsráðgjafi starfar við skólann í 100% stöðu. Við skólann er einnig starfandi umsjónarmaður fasteigna og matráður.

Stjórnendateymi skólans skipa:

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, skólastjóri	hafdis.gudrun.hilmarsdottir@reykjavik.is
Aðalheiður Bragadóttir, aðstoðarskólastjóri	adalheidur.bragadottir@reykjavik.is
Oddný Yngvadóttir, deildarstjóri	oddny.yngvadottir@reykjavik.is
Inga Sigurðardóttir, deildarstjóri	inga.sigurdardottir@reykjavik.is
Kolbrún Bergmann, deildarstjóri	kolbrun.bergmann.bjornsdottir@reykjavik.is
Margrét Snæbjörnsdóttir, deildarstjóri	margret.snaebjornsdottir@reykjavik.is

3. Skólamenning

1. Skólabragur og skólareglur

Hlíðaskóli leggur áherslu á að nemendur séu virkir þátttakendur í samfélagi sem stöðugt tekur breytingum. Starf okkar byggir á umburðarlyndi, kærleika og virðingu, og hefur að leiðarljósi jafnrétti, ábyrgð og samkennd. Við teljum mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að skapa, rannsaka, vaxa og móta með sér sjálfstæða hugsun og frumkvæði og að námsumhverfi verði inngildandi og styðjandi fyrir alla nemendur.

Skólareglur Hlíðaskóla eru unnar í samræmi við 14. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Í þeim skal koma skýrt fram hverjar reglurnar eru og hver viðbrögð og viðurlög eru við brotum á þeim.

2. Viðurlög við brotum á skólareglum

Ef nemandi gerist sekur um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum getur skólastjóri vísað honum úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, enda tilkynni hann foreldrum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun eins og kröfur eru gerðar um í 14. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla. Gerist nemandi sekur um alvarlegt brot á skólareglum eða landslögum, hvar sem hann er á vegum skólans, verður hann sendur heim á kostnað foreldris. Foreldrar nemenda eru ábyrgir fyrir því tjóni sem börnin þeirra kunna að valda á eignum skólans, starfsfólks eða skólafélaga sinna.

3. Símareglur

Ráðherra menntamála hefur sett fram reglugerð sem skólar eiga að innleiða. Með henni hefur í fyrsta sinn verið settar fram samræmdar reglur um símafrí í grunnskólum landsins. Markmiðið er að auka námsfrið, efla félagsleg tengsl og vellíðan barna og styrkja skólabraginn. Símafríið á við um notkun persónulegra síma, snjallúra og annarra snjalltækja nemenda á skólatíma og á frístundaheimilum, þar með talið í frímínútum og í frístundastarfi. Meginreglan er sú að slökkt eigi að vera á tækjunum eða þau sett á hljóðstillingu og þau geymd í skólatöskum nemenda eða heima. Ef nemandi sést með síma, ber honum að fara upp á skrifstofu og geyma þar til skóla lýkur þann daginn.

4. Viðmið um skólasókn

Foreldrar bera ábyrgð á að barnið þeirra sæki skóla. Mikil áhersla er lögð á stundvísi nemenda í skólanum. Öll börn og ungmenni á aldrinum 6 til 16 ára eru skólaskyld og bera foreldrar/forsjáraðilar ábyrgð á því að börnin innritist í grunnskóla, sæki skólann og stundi þar nám. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur ákveðið verklag þegar misbrestur verður

á skólasókn og tekur það einnig til fjarvista vegna veikinda- og/ eða leyfisdaga (Skólasóknarreglur Reykjavíkurborgar).

Vinna ber öll mál sem varða skólasókn barna í grunnskólum samkvæmt verklagsreglum þessum. Verklagið miðar að því að skýra framkvæmd við vinnslu skólasóknarmála, hlutverk og ábyrgð hvers og eins og hvernig ber að standa að skráningum. Ávallt skal gæta bæði jafnræðis og samræmis í viðbrögðum skóla við slíkum málum. Taka skal tillit til aðstæðna og þarfa barna og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Komi upp grunur um slæmar aðstæður barns, neyslu, ofbeldi, áhættuhegðun eða annað sem er tilkynningaskylt samkvæmt barnaverndarlögum, ber að senda tilkynningu til barnaverndar án tafar. Sama á við ef upp kemur grunur um að barn glími við frávik í þroska eða líðan, þá skal bregðast við því eftir verkferlum farsældar. Samhliða skal vinna skólasóknarhluta málsins samkvæmt verkferil um skólasókn.

Á öllum stigum máls skal meta hvort gagnlegt sé að óska eftir samþættri þjónustu samkvæmt lögum um farsæld barna (Lög um samþættingu þjónustu um farsæld barna nr. 86/2021). Mikilvægt er að upplýsingar um skólasókn fylgi barni þegar skólaskipti verða innan Reykjavíkur. Upplýsingar um skólasókn þurfa að vera aðgengilegar óháð því hvar barn gengur í skóla, sama gildir um skólaskipti milli sveitarfélaga. Þegar rætt er um foreldra hér á eftir er átt við foreldra eða aðra forsjáraðila barns.



Fyrirvari um vinnslu mála vegna veikinda*: Ef ástæður fjarvista eru vel þekktar innan skólans og eiga sér eðlilegar skýringar, til dæmis vegna langvinnra veikinda, eða annarra þekktra*

ástæðna má aðlaga vinnslu skólasóknarmála að því. Þó ber umsjónarkennara að hafa sérstakar gætur á skólasókn með það að markmiði að bjóða aðkomu skólahjúkrunarfræðings, miðlægrar þjónustu eða að bjóða fram aðra aðstoð við barnið eða foreldra.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir því að fylgjast með stöðu barna sinna á Mentor og skulu hafa samband við umsjónarkennara ef þeir hafa athugasemdir. Ekki eru leiðréttar skráningar sem eru eldri en viku gamlar.

5. Verklagsreglur vegna grunnskólanema með fjölþættan vanda

Reykjavíkurborg hefur mótað verklagsreglur varðandi þjónustu við nemendur með fjölþættan vanda, verklagsreglurnar má sjá hér.

Markmið þessara reglna er að:

- skýra ábyrgð einstakra stofnana Reykjavíkurborgar við vinnslu mála þar sem vandi nemenda er alvarlegur og fjölþættur.
- skapa vinnulag sem tryggir skilvirka samvinnu stofnana þannig að hlutverk aðila séu skýr og markmið skilgreind.

Ef nemandi gerist sekur um alvarlegt brot á skólareglum getur það leitt til tímabundinnar eða ótímabundinnar brottvísunar úr skóla. Er þá farið eftir 14. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum.

4. Menntastefna Reykjavíkurborgar

Menntastefna Reykjavíkurborgar ber heitið *Látum draumana rætast* og byggir á grunnstefum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, að í menntun barna skuli áherslan vera á að rækta persónuleika þeirra, hæfileika og andlega og líkamlega getu.

Stefnan leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi og byggir á styrkleikum íslensks samfélags um leið og henni er ætlað að mæta áskorunum sem felast í síbreytilegum samfélags- og tæknibreytingum sem áhrif hafa á uppeldisaðstæður barna og hugmyndir um menntun. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Ríkur samhljómur er með menntastefnunni, aðalnámskrám leik- og grunnskóla og núgildandi stefnum skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar.

Grunnþættir stefnunnar eru fimm: félagsfærni, sjálfsefling, læsi, sköpun og heilbrigði. Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi og dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins. Menntastefnu Reykjavíkurborgar má nálgast hér.

Áherslur Hlíðaskóla tengdar menntastefnu Reykjavíkur

1. Leiðsagnarnám

Leiðsagnarnám byggir á aðferðafræði Shirley Clarke og felur í sér leiðsagnarmat og gagnreyndar kennsluaðferðir sem efla vaxtarhugarfar, sjálfstraust og námsárangur nemenda. Markmiðið er að leiðsagnarnám einkenni alla námsmenningu skólans. Aðferðin hvílir á fimm stoðum sem skapa jákvætt námsumhverfi þar sem mistök eru tækifæri til framfara, námsmarkmið eru skýr og samræður efla valdeflingu og ábyrgð nemenda á eigin námi.

2. Teymiskennsla

Teymiskennsla (e. *co-teaching* eða *team teaching*) er kennslufyrirkomulag þar sem tveir eða fleiri kennarar bera saman ábyrgð á skipulagi, kennslu og námsmati fyrir sama nemendahópinn. Í stað þess að einn kennari stýri bekknum einn, samþætta kennarar sérþekkingu sína til að mæta ólíkum þörfum nemenda og skapa fjölbreyttara námsumhverfi.

3. Læsi

Hlíðaskóli vinnur samkvæmt lestraraðferðum Byrjendalæsis. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að nemendur nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngunni. Hér er krækja á læsisstefnu Hlíðaskóla.

Skólaárið 2026-2027 eru þematengd verkefni unnin í öllum árgöngum þvert á skólastig:

- *Vellíðunarvikan - Hvernig líður mér í skólanum*

Þemaverkefni í tengslum við forvarnarviku grunnskóla sem er í október.
Markmið að efla og bæta samskipti og almenna vellíðan allra í skólanum. Vellíðan er grundvöllur þess að nám geti átt sér stað. Hvert stig eða árgangur velur sér nálgun og viðfangsefni eftir þörfum og hugmyndum kennara.

- *Samskipti og Kynheilbrigði - Vika6*

Vika6 er sjötta vika ársins. Hún hefur fest sig í sessi sem árleg vika kynheilbrigðis í öllum grunnskólum og frístundamiðstöðvum. Í viku 6 er markmiðið að öll börn og unglingar í borginni fái kynfræðslu. Með því að veita góða kynfræðslu erum við:

- Að þjálfa börn og unglinga í að þekkja og virða eigin mörk og annarra, ásamt því að auka þekkingu þeirra á kyni, kynvitund, kynhneigð, líkama, réttindum og kynheilsu.
- Að efla sjálfsmynd og gagnrýna hugsun svo þau geti tekið upplýstar ákvarðanir, valið og hafnað á eigin forsendum og stuðlað að vellíðan án þess að valda skaða.

- *Regnbogadagar*

Hlíðaskóli er með Regnbogavottun Reykjavíkurborgar og er markmiðið hennar að gera starfsemi Reykjavíkurborgar hinsegin vænni, bæði fyrir starfsfólk og þjónustuþega og koma í veg fyrir beina og óbeina mismunun í garð hinsegin fólks.
Regnbogadagar eru haldnir ár hvert í tengslum við Alþjóðlega dag hinsegin fólks (International Day Against Homophobia, Biphobia and Transphobia – IDAHOBIT) sem er haldinn 17. maí ár hvert. Fræðslan er þungamiðjan í Regnbogavottuninni en hún byggir á ýmsum skemmtilegum verkefnum um hinseginleika og beinist einnig að því að skoða með hvaða hætti hver og einn vinnustaður geti verið hinseginvænni.

- *Grænu skrefin*

Verkefnið *Græn skref* í starfsemi Reykjavíkurborgar snýst um að efla vistvænan rekstur í starfsemi borgarinnar og minnka umhverfisáhrif sveitarfélagsins í fjórum skrefum. Hlíðaskóli er nú á fjórða skrefi og vinnur að því að ljúka þeirri vinnu.

5. Mannauður

Starfsfólk í Hlíðaskóla eru um 100 og hafa ólík hlutverk og verksvið. Um réttindi þeirra, skyldur, kaup og kjör er fjallað í lögum og kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga. Þeir sem í skólanum starfa eru að stofni til í fjórum stéttarfélögum, það er Kennarasambandi Ísland, Sameyki, Eflingu og Bandalagi háskólamanna. Á heimasíðum félaganna er ítarlega fjallað um réttindi, skyldur, kaup og kjör. Ýmsar fagstéttir hafa einnig sett sér siðareglur sem gott er að hafa í huga.
Sjá þarf til þess að við ráðningar, uppsögn og ákvarðanir um kjör starfsmanna skólans, að ómálefnalegum ástæðum sé ekki beitt sem rökum gegn starfsmanni, sbr. grein 1.2 í starfsmannastefnu borgarinnar. Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans að starfsmönnum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, aldurs, útlits, ætternis, fötlunar, heilsufars, uppruna, trúar- eða stjórnmálaskoðana.

1. Mannauðsstefna Hlíðaskóla

Hlíðaskóli hefur mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar til grundvallar. Markmiðið er að skólinn hafi ætíð á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki sem veita góða þjónustu og geta brugðist við ólíkum þörfum skjólstæðinga sinna. Hver og einn starfsmaður á rétt á góðum starfsskilyrðum og á að eiga möguleika á að vaxa og dafna í starfi sínu.

2. Starfsfólk skrifstofu og umsjónarmaður húsnæðis

Ólafía Sigurjónsdóttir, skrifstofustjóri	olafia.sigurjonsdottir@reykjavik.is
Hanna Kristín Larsdóttir, skólaritari	hanna.kristin.larsdottir@reykjavik.is
Youssef Lakhal, Umsj.m skólahúsnæðis	youssef.lakhal@reykjavik.is

3. Náms og starfsráðgjafi, leiðsagnarkennarar og verkefnastjórar

Eva Hlín Samúelsdóttir	Náms – og starfsráðgjafi
Lillý Karen Pálsdóttir	Verkefnastjóri tölvuumsjónar nemenda
Helga Snæbjörnsdóttir	Leiðsagnarkennari

4. Kennarar og annað starfsfólk

Hér er listi yfir starfsfólk Hlíðaskóla.

5. Móttaka nýrra starfsmanna

Hlíðaskóli leggur sig fram í að taka vel á móti nýju starfsfólki, stjórnendur taka á móti nýju starfsfólki og fá þeir fræðslu um skólann og leiðsögn fyrsta árið.

6. Starfsánægja

Hlíðaskóli leggur áherslu á vellíðan í starfi og góðan starfsanda. Gagnkvæm virðing og umburðarlyndi sem skilar sér til nemenda, foreldra og forráðamanna skólans.

7. Jafnræði

Allt starfsfólk eru metnir að verðleikum, óháð kynferði, aldri, trú eða þjóðerni. Öll skuli upplifa að hlustað sé á hugmyndir þeirra og reynslu á jafnræðisgrundvelli. Hlíðaskóli leggur metnað sinn í að öll fái tækifæri til starfsþróunar, endurmenntunar og leiðtogaverkefna.

8. Fagmennska starfsfólks

Með velferð nemenda að leiðarljósi ber allt starfsfólk ábyrgð á góðum skólabrag. Kennarar gegna lykilhlutverki; fagmennska þeirra og þekking efla skapandi hugsun og skapa hvetjandi námsumhverfi. Samkvæmt 12. gr. grunnskólalaga skal starfsfólk sýna alúð, samviskusemi og kurteisi í öllum samskiptum.

Sjá siðareglur kennara frá Kennarasambandi Íslands - siðareglur kennara

Sjá einnig siðareglur annarra starfsmanna – siðareglur starfsmanna Reykjavíkurborgar

9. Ábyrgð og skyldur starfsmanna

Starfsfólk, nemendur og forráðamenn byggja saman upp öflugt skólasamfélag. Hlíðaskóli fylgir starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar og leggur áherslu á hæft starfsfólk og faglegt skólastarf.

Hver starfsmaður/starfsheiti hefur ákveðnu hlutverki að gegna innan skólans og starfar samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum

10. Verksvið starfsmanna

Stefnt er að því að starfslýsingar séu til fyrir öll störf strax við ráðningu. Starfslýsingar skulu endurskoðaðar með reglubundnum hætti.

- **Skólastjóri**

Skólastjóri er faglegur leiðtogi og forstöðumaður skólans sem ber ábyrgð á starfseminni gagnvart sveitarstjórn. Meginhlutverk hans er að tryggja menntun og velferð nemenda, veita starfsfólki faglega leiðsögn, efla samstarf í skólasamfélaginu. Skólastjóri situr í nemendaverndarráði.

- **Aðstoðarskólastjóri**

Aðstoðarskólastjóri er nánasti samstarfsmaður skólastjóra og staðgengill hans í fjarveru hans. Hann tekur þátt í daglegri framkvæmd og skipulagningu skólastarfsins í umboði skólastjóra.

1. **Deildarstjóri**

Deildarstjóri tekur þátt í daglegri framkvæmd og skipulagningu skólastarfsins á sínu sviði, leiðir þróunar- og umbótastarf sem og önnur mikilvæg verkefni innan skólans í umboði skólastjóra.

- **Leiðsagnarkennari**

Leiðsagnarkennari sinnir leiðsögn við starfsnámsnema, vettvangsnema og nýliða vegna starfa þeirra á vettvangi.

- **Verkefnastjóri** UT

Verkefnastjóri UT er kennurum til ráðgjafar vegna kennslu og hefur umsjón með tölvubúnaði nemenda skólans.

- **Skrifstofustjóri**

Skrifstofustjóri stýrir daglegri starfsemi skrifstofu og skipuleggur verkaskiptingu ritara. Hann annast gerð ráðningarsamninga, heldur utan um starfsmannaskjöl og er tengiliður við Mannauðsskrifstofu Reykjavíkur vegna launa- og kjaramála. Þá sér hann um greiðslur og uppáskrift reikninga í samstarfi við skólastjórnendur ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

- **Kennari**

Meginhlutverk grunnskólakennara er að sinna kennslu, undirbúningi námsmati, uppeldi og skólaþróun. Hann vinnur faglega að því að skapa hvetjandi námsumhverfi, miðla þekkingu og árangursríkum kennsluaðferðum. Kennarinn ber faglega ábyrgð á námi nemenda og tryggir jafnræði allra nemenda.

- **Þroskaþjálfi**

Hlutverk og starf þroskaþjálfa er að taka þátt í uppeldisstarfi skólans í samvinnu við annað starfsfólk þar sem fagþekking hans fær notið sín. Hann vinnur með öllum nemendum þó sérstaklega þeim sem þess þurfa vegna ýmissa örðugleika svo sem þroskalegra, námslegra eða hegðunarlegra.

- **Námsráðgjafi**

Hlutverk námsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda skólans, vera málsvari þeirra og trúnaðarmaður. Námsráðgjafi liðsinnir nemendum í málum sem snerta nám, skólavist, náms- og starfsval. Hann kemur einnig að ýmsum öðrum þáttum skólastarfs samkvæmt nánari ákvörðun skólastjóra.

- **Sérkennari**

Sérkennari vinnur með öðrum fagaðilum stoðþjónustu varðandi heildstæðan stuðning við nemendur sem þurfa á sértækum stuðningi að halda við námið.

- **Sálgæsla**

Boðið er upp á sálgæsluviðtöl fyrir nemendur hjá Kolbrúnu Bergmann sem er menntuð í sálgæslu/samfylgd eftir áföll.
Sálgæsla er þjónusta sem felst í því að hlusta, styðja og veita samveru þegar einstaklingar standa frammi fyrir erfiðleikum í lífi sínu. Með sálgæsluviðtölum er verið að skapa öruggt rými þar sem einstaklingur fær tækifæri til að tjá hugsanir sínar og tilfinningar. Ef kennara finnst nemandi hafa þörf á sálgæsluviðtali þá er það framkvæmt með samþykki nemanda og með leyfi foreldra/forráðamann. Nemendur geta einnig komið að eigin frumkvæði og þegið sálgæslu.
Kolbrún Bergmann sinnir sálgæslu kolbrun.bergmann.bjornsdottir@reykjavik.is

- **Skólaritari**

Skólaritari annast daglega afgreiðslu, síma- og póstþjónustu ásamt upplýsingagjöf. Hann sér um nemenda- og starfsmannaskráningar, haldið er utan um Mentor og umsjón er með skrifstofuvörum og fjölritunartækjum. Þá aðstoðar skólaritari við lausn á forföllum kennara í samstarfi við aðstoðarskólastjóra, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

- **Umsjónarmaður skóla**

Hlutverk umsjónarmanns skóla er að hafa umsjón með viðhaldi húsa, búnaðar og mannvirkja á lóð Hlíðaskóla, sjá um að þrif húsa og lóðar sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ítrasta hreinlætis í umgengni. Hann sér um að húsnæði sé hæfilega hitað, lýst og loftræst og annast innkaup á ræsingarvörum, húsbúnaði og áhöldum í samráði við skólastjóra. Hefur umsjón með öryggis-

og eftirlitsbúnaði og sér um rekstur, gæslu og útleigu íþróttahúss. Umsjónarmaður sinnir starfsmannamálum sinna undirmanna (skólaliða) og er tengiliður þeirra við æðri stjórnendur.

- **Matráður**

Matráður skipuleggur og ber ábyrgð á öllu starfi í mötuneyti Hlíðaskóla. Matráður sér um að framreiða hollan og góðan mat fyrir nemendur og starfsfólk, skipuleggja matseðil skólans og versla inn efni til matargerðar.

- **Aðstoðarfólk í eldhúsi**

Hlutverk aðstoðarfólks í eldhúsi er að vera matráði innan handar við að framreiða hollan og góðan mat.

- **Táknmálstúlkur**

Hlutverk táknmálstúlks er að túlka fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra og stuðla að jákvæðum viðhorfum til heyrnarlausra/heyrnarskertra einstaklinga.

- **Stuðningsfulltrúi**

Stuðningsfulltrúi veitir einstökum nemendum og litlum hópum stuðning í skólastarfinu. Hann leiðbeinir þeim í leik og starfi í nánu samstarfi við kennara og stjórnendur.

- **Skólaliði**

Skólaliðar sjá um að sinna nemendagæslu í upphafi og lok dags, í frímínútum og hádegisverði. Þeir halda jafnframt utan um óskilamuni nemenda.

- **Öryggisnefnd**

Í skólanum starfar öryggisnefnd og sitja öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn í nefndinni. Öryggisverðir eru Youssef Lakhal og skólastjóri, Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir. Öryggistrúnaðarmaður er Margrét Auður Jóhannsdóttir. *Vinnueftirlitið*

- **Trúnaðarmenn**

Trúnaðarmenn kennara eru Einar Kristinn Helgason og Elsa Ísberg.
Trúnaðarmaður annarra starfsmanna er Guðbjörg Björnsdóttir Sameyki og Ingibjörg Gissunn Jónsdóttir BHM.

11.Starfsþróun/símenntun starfsmanna

Frumkvæði, metnaður og árvekni starfsfólks í símenntun er lykill að árangursríku skólastarfi. Í Hlíðaskóla á starfsfólk kost á fjölbreyttri símenntun, innan stofnunar sem utan, með það markmið að efla faglega hæfni og þekkingu í starfi. Bæði starfsfólk og stjórnendur bera ábyrgð á að viðhalda og þróa þessa sérþekkingu.

Samkvæmt 12. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 ber skólastjóra að gera símenntunaráætlun sem tekur mið af áherslum skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár.

Samkvæmt kjarasamningi kennara hafa þeir samningsbundnar 150 klukkustundir á ári til símenntunar og undirbúnings. Sá tími sem fer í starfsþróun nýtist almennt utan skipulagðs starfstíma skólaársins, en heimilt er að nýta hann á starfstíma skóla í samráði við kennara.

Helstu áherslur og markmið starfsþróunar veturinn 2026 -2027

- Stjórnendur — Forysta í lærdómssamfélagi
- Kennarar á yngsta stigi — Byrjendalæsi
- Allir kennarar — Leiðsagnarnám
- Allt starfsfólk — Góður skólabragur
- Allt starfsfólk — Skyndihjálp
- Allir kennarar — Þróun teymiskennslu
- Allt starfsfólk — Skólaheimsóknir og námskeið
- Allt starfsfólk — Inngildandi samfélag
- Allir kennarar — Innleiðing nýrrar aðalnámskrá

6. Skipulag skólaárs

Skóladagatal fyrir skólaárið 2026 - 2027 er að finna á heimasíðu skólans. Starfstími skóla skal rúmast innan tímabilsins 15. ágúst til 15. júní.

Skólaár spannar 180 nemendadaga, 5 starfsdaga og allt að 5 daga í vetrarfrí/skýring á skóladögum nemenda.

Starfsdagur – skipulagsdagur merktur gulur á skóladagatal, eru 5 talsins yfir skólaárið og teljast ekki til nemendadaga. Þá daga vinna starfsfólk skólans að undirbúningi og önnur störf sem starfið kallar á. Nemendur mæta ekki í skóla.

Uppbrotsdagur – merktur bleikur á skóladagatal. Geta verið allt að 10 talsins. Þá daga mæta nemendur í skólann sem næst hefðundnum skóladegi. Þá daga er stundatafla ekki virk þar sem dagurinn er notaður til þess að brjóta upp hefðbundið skólastarf.

Skertur nemendadagur – merktur appelsínugulur á skóladagatali. Geta verið allt að 10 talsins. Þá daga gilda ekki venjubundnar tímasetningar. Þessir dagar eru notaðir sem dæmi í nemenda og foreldraviðtöl, skólasetningu og skólaslit.

Vetraleyfi – merkt blátt á skóladagatali. Þessir dagar geta verið allt að 5 talsins á skólaári. Þá daga liggur allt skólastarf niðri og teljast því ekki til 180 nemendadaga.

Vikulegur kennslutími hvers nemenda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

- 1.480 mínútur í 8.–10. bekk
    - Skóladagurinn hefst klukkan 8:50 og lýkur hefðbundnum skóladegi kl: 13:40. Þá taka valgreinar við.
- 1.400 mínútur í 5.-7. bekk
    - Skóladagurinn hefst klukkan 8:30 og hefðbundnum skóladegi lýkur kl: 14:20
- 1.200 mínútur í 1.-4. bekk
    - Skóladagurinn hefst klukkan 8:30 og lýkur kl: 13:40. Þá tekur Eldflaugin við fyrir þau börn sem eru skráð þar.

1. Prófadagar – Samræmd próf

Í Hlíðaskóla vinnum við með leiðsagnarnám, þar sem námsmat og endurgjöf fara fram allt skólaárið. Námsárangur ræðst af ástundun allan tímann og er markmiðið að efla sjálfstæði nemenda og sýna þeim að allt vinnuframlag telur. Nemendur fá fjölbreytt verkefni í öllum greinum til að bæta sig, ná metnum viðmiðum og sýna sína bestu getu.

2. Möppumat 8- 10. bekkur

Möppumatið er tveir til fjórir daga. Nemendur í 10. bekk fara í möppumatið um miðjan maí 2027. Nemendur i 8. og 9. bekk fara í möppumat í maí 2027.

3. Vettvangsferðir/Þemadagar/uppbrotsdagar

✓ *7.bekkjar ferð*

Markmið með gistiferð er meðal annars að efla samstöðu og samvinnu nemenda, auka félagsfærni þeirra og gefa þeim tækifæri til að takast á við ný viðfangsefni tengd náttúru og sögu.

✓ *Útivistar dagar í september*

Í september útivistadagur þar sem hefðbundið skólastarf er brotið upp. Þann dag vinna nemendur verkefni í nærumhverfi.

✓ *Skrekkur*

Skrekkur er hæfileikakeppni fyrir unglingadeild í grunnskólum Reykjavíkurborgar og hefur Hlíðaskóli alltaf tekið þátt. Skrekkur fer fram í Borgarleikhúsinu dagana 9.,10. og 11.nóvember 2026.

- ✓ *Veitingastaður.*

Kvöldmáltíð 9. og 10. bekkjar er fjáröflun. Nemendur í 9. og 10. bekk bjóða foreldrum, systkinum og starfsfólki á tímabundið veitingahús frá kl. 19:00–21:00. Boðið verður upp á girnilegan matseðil á hóflegu verði og rennur allur ágóði í ferðasjóð árganganna.

- ✓ *Söngleikir í yngri deildum*

Hlíðaskóli samþættir listgreinar með árlegum söngleikjum í öllum árgöngum. Verkefnin eru unnin í samstarfi kennara ólíkra greina og flétta saman söng, leiklist, dans og myndsköpun. Sýningar 2.–7. bekkjar eru á haustönn en 1. bekkjar á vorönn, og lýkur þeim með bekkjarskemmtun og samloðandi veitingahlaðborði fyrir aðstandendur.
Verkefni:

- Söngleikur í 1. bekk: Rauðhetta.
- Söngleikur í 2. bekk: Dimmalimm.
- Söngleikur í 3. bekk: Öskubuska.
- Söngleikur í 4. bekk: Mjallhvít og dvergarnir (tala dverganna er mjög breytileg og fer eftir fjölda nemenda í viðkomandi bekkjardeild hverju sinni).
- Söngleikur í 5. bekk: Kardimommubærinn.
- Söngleikur í 6. bekk: Gosi og félagar.
- Söngleikur í 7. bekk: Úr fortíð til framtíðar.

- ✓ *Hundraðdagahátíð hjá fyrsta bekk*

Haldin er hundrað daga hátíð þegar nemendur í 1. bekk hafa verið í skólanum í 100 daga. Það er gert með því að telja rör fyrir hvern dag. Á hverjum tíu dögum eru rörin fest í búnt og tugur kynntur fyrir nemendum. Þannig læra þeir um einingar og tugi með röratalningu.

- ✓ *Stóra upplestrarkeppnin*

Hlíðaskóli tekur þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem hefst á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember og lýkur með keppni í mars. Yfirlýst markmið verkefnisins er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Stóra upplestrarkeppnin er fyrir nemendur í 7. bekk.

- ✓ *Aðventuhátíð*

Nemendur skreyta bekkjarstofur og hurðir um morguninn ásamt kennara sínum. Eftir löngu frímínúturnar er veisla með heitu súkkulaði og smákökum, auk þess sem opið hús er hjá öllum bekkjum. Í flestum kennslustofum er boðið upp léttar þrautir, glens og grín.

✓ *Árshátíð unglingadeildar*

Á hverjum vetri er haldin árshátíð unglingadeildar. Mikið er lagt í allan undirbúning til að gera þennan dag sem eftirminnilegastan. Dagurinn hefst á íþróttamóti í þriðju kennslustund til hádegis en eftir það fara nemendur heim og undirbúa sig fyrir kvöldið. Árshátíðin stendur yfir frá kl. 18.30 – 23.00

✓ *Jólaskógur*

Vinabekkir skipuleggja ferð í skóginn.
Vinabekkir eru sem hér segir:
1 og 10. bekkur, hefð er fyrir því að 1.og10. bekkir fari og skreyti tréð í skóginum.
2 og 6. bekkur
3. og 7. bekkur
4. og 8 bekkur
5. og 9 bekkur

✓ *Jólaböll*

Síðasta skóladag fyrir jól, 18. desember eru haldnar jólaskemmtanir fyrir nemendur. Alls eru skemmtanirnar fjórar.

- 4. og 5. bekkur saman
- 1. , 2. og 7. bekkur saman
- 3. og 6. bekkur saman
- 8-10 bekkur – að kvöldi

✓ *Vorhátíð*

Vinabekkirnir hittast og gera eitthvað skemmtilegt saman. Hefð er fyrir því að nemendur í 1. bekk og 10.bekk fari í ratleik um skólann. Hægt er að fara í leiki, vettvangsferð eða föndra í stofum allt eftir því sem hugmyndaflugið leyfir.

✓ *Vinabekkir*

Vinabekkir hittast 1-2 á ári og gera eitthvað saman samkvæmt skipulagðri dagskrá. Hefð er fyrir að vinabekkir hittist á vorhátíð og í ár ætlum við að virkja öskudaginn í vinabekki.
Vinabekkir eru sem hér segir:

1 og 10. bekkur
2 og 6. bekkur
3. og 7. bekkur
4. og 8 bekkur

5. og 9 bekkur.

4. Nemendastýrð foreldraviðtöl

Í nemendastýrðum foreldraviðtölum leiðir nemandinn samtalið sjálfur með því að sýna verkefni, meta stöðu sína og setja sér framtíðarmarkmið. Fyrirkomulagið eflir ábyrgð og sjálfsígrundun nemenda á eigin námi, á meðan foreldrar og kennarar taka sér stöðu áheyrenda og stuðningsaðila.

5. Dagur íslenskrar tungu

Mánudaginn 16. nóvember halda nemendur og starfsfólk upp á dag íslenskrar tungu, en dagurinn er fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar. Markmiðið er að efla málvitund nemenda, minna á mikilvægi móðurmálsins og fagna fjölbreytileika íslenskunnar.

6. Skipulag náms og kennslu

Gott skipulag náms og kennslu er einn af hornsteinum árangursríks skólastarfs. Það tryggir að námsmarkmiðum sé náð með markvissri tengingu á milli kennsluaðferða, viðfangsefna og námsmats.

7. Stundaskrá

Í Hlíðaskóla er lögð áhersla á að stundaskrá nemenda sé samfelld með eðlilegum frímínútna og matarhléum. Kennsla á yngsta hefst kl. 8:30 hvern dag og lýkur 13:40, þá tekur Eldflaugin við fyrir þau börn sem eru skráð þar. Kennsla á miðstigi hefst kl:8:30 og lýkur kl:14:20. Kennsla á unglingastigi hefst kl. 8:50 og lýkur kl:13:50, þá taka valfögin við. Til að mæta þörfum foreldra er skólinn opnaður kl. 8:00 og er boðið upp á hafragraut fyrir 1-7 bekk í upphafi dags en fyrir unglinga í frímínútum kl. 9:50.

Kennslustund í 1 – 7 bekk er 40 mín. Kennslustund unglinga er 60 mínútur. List og verkgreinar eru kenndar 2 x 60 mín á viku. Frímínútur nemenda eru 20 mín að morgni. Hádegishlé nemenda er 20 mínútur í 1-7. bekk. og 30 mín í frímínútur fyrir eða eftir matarhlé. Nemendum er skipt í þrjá hópa sem borða á bilinu 11:20 - 12:50 í matsal.

8. Vikuleg kennsla eftir stigum

- **1.-4. bekkur,** vikuleg kennsla í 1.-4. bekk eru 30 kennslustundir
- **5.-7. bekkur,** vikuleg kennsla í 5.-7. bekk eru 35 kennslustundir.
- **8.-10. bekkur,** vikuleg kennsla í 8.-10. bekk eru 35 kennslustundir

Í Hlíðaskóla er stuðst við viðmiðunarstundaskrá með áherslu á list og verkgreinar og skapandi skólastarf.

9. Valgreinar í 8. - 10. bekk

Nemendum í 8. – 10. bekk er gefinn kostur á að velja milli fjölbreyttra námsgreina. Nemendur í 8. bekk geta valið allt að 4 stundir á viku en nemendur í 9.-10. bekk 7 stundir.

Hér er hægt að sjá valgreinar fyrir árið 2026-2027.

10. Stefna Hlíðaskóla í heimanámi

Samkvæmt grunnskólalögum eru foreldrar ábyrgir fyrir námi barna sinna og þeim ber að fylgjast með námsframvindu þeirra. Ávallt þarf að gæta þess að gott samstarf og traust ríki milli heimilis og skóla. Hlíðaskóli leggur áherslu á hóflegt heimanám. Daglegur lestur er mikilvægur á öllum skólastigum og foreldrar hvattir til að fylgjast með námi barna sinna í Mentor.

11. Námsáætlanir

Námsáætlanir fyrir alla árganga skólans eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Í þeim kemur fram áætlað námsefni og kennsluaðferðir vetrarins í hverjum bekk.

Námsáætlanirnar eru í uppfærslu.

12. Samstarf

Hlíðaskóli er í góðu samstarfi við ýmis fyrirtæki og stofnanir í hverfinu.

Skólinn er í miklum samskiptum við leikskólana í hverfinu. Unnin er dagskrá fyrir hvern vetur um samstarf og hittinga fyrir nemendur í 1. bekk og einnig fyrir verðandi nemendur í 1. bekk. Miðlum upplýsingum eins og þarf á báða bóga með hagsmuni barna að leiðarljósi.

Samstarf við framhaldsskóla er að mestu fólgið í kynningum framhaldsskólanna og fjarnámi nemenda, nemendur eru í samstarfi við Menntaskólann við Hamrahlíð í stærðfræði. Nemendur í unglingadeild taka einnig þátt í árlegri stærðfræðikeppni MR. Margir nemendur Hlíðaskóla iðka íþróttir á vegum íþróttafélagsins Vals auk annarra íþróttafélaga. Árlega eru haldnir Valsleikar á vegum íþróttafélagsins fyrir miðstig grunnskóla hverfisins.

7. Táknmálssvið

Frá haustinu 2002 hefur verið starfrækt táknmálssvið í Hlíðaskóla fyrir döff og heyrnarskerta nemendur sem og tvítyngd CODA börn. Nemendur skólans fá kennslu í íslensku táknmáli. Í Hlíðaskóla er lögð rík áhersla á góðan skólabrag og vinsamlegt samfélag. Skólinn er sameiginlegur vinnustaður margra ólíkra einstaklinga sem eiga rétt á því að stunda nám og starf í öruggu umhverfi.

Hlíðaskóli er móttökuskóli fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda nemendur. Hugmyndafræði Táknmálssviðsins byggir á grunnskólalögum um tvítyngisstefnu þar sem bæði íslenskt táknmál og íslenskt talmál eru jafnrétthá mál og stefnt er að því að nemendur verði tvítyngdir við lok grunnskóla. Kennsla nemenda fer ýmist fram á Táknmálssviði í litlum hópi, einstaklingslega eða í almennum bekkjum. Nemendur njóta aðstoðar táknmálstúlka ef þess gerist þörf. Nám nemenda sviðsins er skipulagt af stjórnendum Táknmálssviðs og kennurum

skólans í samráði við foreldra. Fylgst er náið með námsframvindu nemanda, félagslegri stöðu þeirra og fyrirkomulagi kennslunnar þar sem markmið og árangur eru metin reglulega.

Sjá inntökuskilyrði Táknmálssviðs

Nánar um táknmálssvið má finna á heimasíðu skólans

Táknmálsdagurinn

Táknmálsdagur Hlíðaskóla er haldinn í tengslum við dag íslenska táknmálsins er haldinn 11. febrúar ár hvert. Dagur íslenska táknmálsins var fyrst haldinn árið 2007, eftir að íslenskt táknmál var viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra á Íslandi með lögum árið 2011, og markar dagurinn mikilvægi þess fyrir menningu, sjálfsmynd og réttindi heyrnarlausra.

Markmiðið með deginum er að efla táknmálið og táknmálsumhverfið. Táknmálssvið undirbýr og skipuleggur daginn.

8. Nemendur með annan tungumála og menningarbakgrunn

Íslenska sem annað tungumál er námsgrein fyrir nemendur sem hafa ekki nægilegt vald á íslensku til að geta stundað nám í íslenskum skólum til jafns við aðra nemendur. Íslenska sem annað mál nær til allra námsgreina.

Íslenska sem annað tungumál er ætluð nemendum sem þurfa stuðning til að stunda nám til jafns við aðra. Íslenskuver er fyrir þá sem eru á 1. og 2. stigi í íslenskukunnáttu, og er kennslan skipulögð í samstarfi íslensku- og umsjónarkennara.

Þegar nýir nemendur koma erlendis frá fer fram móttökuviðtal samkvæmt ferlinu *Velkomin í hverfið þitt*. Staða þeirra er síðan metin: nemendur án íslenskukunnáttu fara í stöðumatspróf sem nýtist við gerð kennsluáætlunar, en þeir nemendur sem eru með grunn í íslensku fara í prófið *Milli mála* til að meta stöðuna.

Móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna:

Reykjavíkurborg gaf út móttökuáætlun í ár sem Hlíðaskóli fer eftir.

Reykjavíkurborg er með verkferil um hvernig unnið er að móttöku barna með annað móðurmál en í grunnskóla og frístundastarfi á vegum Reykjavíkurborgar. Verkferillinn er settur fram sem gátlisti, hægt að nálgast hann hér.

Hér er krækja á móttökuáætlun Hlíðaskóla.

9. Stoðþjónusta

Megináhersla stoðþjónustu er að þarfir og geta hvers nemanda fyrir sig er höfð að leiðarljósi þegar nám nemenda er skipulagt. Stoðkennslan fer ýmist fram inn í kennslustofu eða námsveri, bæði sem einstaklingskennsla og hópkennsla.

Sérstakur stuðningur getur verið:

- Einstaklingsnámskrá
- Námstækni
- Námsver
- Leiðsögn og ráðgjöf

Nemendur í 1.bekk fylgja oft niðurstöður úr Hljóm sem er lagt fyrir í leikskóla. Hljóm er próf sem athugar hljóð -og málvitund leikskólabarna og gefur vísbendingar um hugsanlega námserfiðleika.

Ýmsar kannanir og/eða skimanir eru lagðar fyrir nemendur ár hvert. Í meðfylgjandi töflu má sjá hvað er lagt fyrir í hverjum árgangi á hverju skólaári:

	1.b.	**2.b.**	**3.b.**	**4.b.**	**5.b.**	**6.b.**	**7.b.**	**8.b.**	**9.b.**	**10.b.**
Lesfimi	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Matsferill				x	x	x	x	x	x	
Leið til læsis	x									
Logos				x						
Aston Index		x	x	x	x	x	x			

1. **Farsældin**

Lög um farsæld barna tóku gildi árið 2022 og hafa það markmið að tryggja börnum og fjölskyldum þeirra betri þjónustu. Nálgast má nánari upplýsingar um farsæld barna á vef Barna og fjölskyldustofu.

2. **Innleiðing farsældarlaga**

Farsæld barna snýst um að tryggja öllum börnum þroska og heilsu til framtíðar. Börn og foreldrar eiga rétt á samþættri þjónustu á réttum tíma og hafa aðgang að tengilið farsældar í sínu nærumhverfi sem veitir leiðbeiningar og upplýsingar.

Þjónustan er þrískipt:

Fyrsta stig: Grunnþjónusta í nærumhverfi (m.a. hjá Hlíðaskóla í gegnum kennara, stoðþjónustu, lausnateymi og stjórnendur) og skólaþjónusta.

Annað stig: Þjónusta frá velferðarsviði þar sem málstjóri stýrir samþættingu og stuðningsáætlun.

Þriðja stig: Sérhæfðari stuðningur undir málstjórn Barnaverndar.

Tengiliður þjónustu í þágu farsældar barns í Hlíðaskóla er Oddný Ingiríður Yngvadóttir oddny.ingiridur.yngvadottir@reykjavik.is.

3. Náms og starfsráðgjöf

Í Hlíðaskóla er einn Náms- og starfsráðgjafi í 100% starfshlutfalli.

Námsráðgjafi Hlíðaskóla: Eva Hlín Samúelsdóttir *eva.hlin.samuelsdottir@reykjavik.is.* Sími 411 6650, viðtalstími er samkomulagsatriði.

Námsráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda og stendur vörð um velferð þeirra.

Helstu verkefni eru:

- Að aðstoða nemendur í 8. – 10. bekk við val á námsgreinum
- Að veita ráðgjöf vegna náms- og starfsvals
- Að aðstoða og leiðbeina nýjum nemendum
- Að fylgja nemendum eftir inn í framhaldsskóla
- Að vinna að bættum samskiptum innan skólans
- Að sinna fyrirbyggjandi starfi í samstarfi við foreldra, starfsfólk skólans og sérfræðiþjónustu Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða

4. Skólaheilsugæsla – viðvera hjúkrunarfræðings

Hjúkrunarfræðingar: Gabríela Auður Hákonardóttir *hlidaskoli@heilsugaeslan.is*

Viðvera hjúkrunarfræðings er sem hér segir:

Þriðjudaga 8:30-12:00
Miðvikudaga 8:30-1200
Fimmtudag 8:30-12:00
Föstudaga 9:00-12:00

Skólaheilsugæslan fylgist með heilsu, þroska og líðan nemenda og býður upp á reglulegar skoðanir, viðtöl og fræðslu. Árangur starfsins byggist á góðu samstarfi við foreldra, skóla og aðra sérfræðinga.

Mikilvægt er að upplýsa heilsugæsluna um langvinna sjúkdóma, ofnæmi eða breyttar aðstæður nemenda. Farið er með öll gögn af fullum trúnaði.

Hér á eftir fara helstu verkefni heilsugæslunnar:

- **1. bekkur:** Hjúkrunarskoðun, sjónpróf og heyrnarmæling. Bólusett gegn barnaveiki og stífkrampa.
- **2. bekkur:** Hjúkrunarskoðun og sjónpróf.
- **3. bekkur:** Hjúkrunarskoðun og berklapróf.
- **4. bekkur:** Hjúkrunarskoðun og sjónpróf. Bólusett gegn mænusótt.

- **7. bekkur.** Hjúkrunarskoðun og sjónpróf. Mótefni gegn rauðum hundum mæld hjá stúlkum og þeim sem engin mótefni hafa er boðin bólusetning. Einnig er boðið upp á bólusetningu gegn hettusótt.
- **9. bekkur**: Hjúkrunarskoðun, sjónpróf og heyrnarmæling. Boðið viðtal við lækni.

Hjúkrunarfræðingur sér einnig um að fræða nemendur um svefn, hreinlæti og næringu.

5. Lausnateymi

Lausnateymi hittist að jafnaði tvisvar í mánuði. Hlutverk lausnateymis er að kortleggja stöðu barna og leita lausna til stuðnings þeim. Í lausnateymi eru félagsleg samskipti, hegðun, nám og líðan barna rædd og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrr við erfiðleikum eða aðstæðum barns. Ávallt skal upplýsa forsjáraðila um að leita eigi ráða varðandi málefni barna þeirra hjá lausnateymi.

Í lausnateymi Hlíðaskóla skólaárið 2025 – 2026 sitja:

Oddný Ingiríður Yngvadóttir,	teymisstjóri
Inga Sigurðardóttir	deildarstjóri
Margrét Snæbjörnsdóttir	deildarstjóri
Kolbrún Bergmann Björnsdóttir	deildarstjóri
Gunnlaugur Víðir Guðmundsson	forstöðumaður Gleðibankans
Bryndís Ýr Pétursdóttir	forstöðumaður Eldflaugarinnar
Þuríður Þorláksdóttir	kennsluráðgjafi

6. Samskiptateymi

Haustið 2024 var nafni eineltisteymis breytt í Samskiptateymi, með það að markmiði að ná betur utan um breiðari málaflokk: samskiptaörðugleika, stríðni, einelti og annað ofbeldi í skólasamfélaginu. Samskiptateymi fundar mánaðarlega og eftir þörfum.

Hér er hlekkur á áætlun gegn einelti.

Samskiptateymi samanstendur af:

- Aðalheiður Bragadóttir aðstoðarskólastjóri
- Margrét Snæbjörnsdóttir deildarstjóri
- Kolbrún Bergman Björnsdóttir deildarstjóri
- Eva Hlín Samúelsdóttir námsráðgjafi
- Elsa Ísberg umsjónarkennari á yngsta stigi
- Guðríður Ósk Þórisdóttir umsjónarkennari á miðstigi
- Gná Jónsdóttir umsjónarkennari á unglingastigi

7. Heildaráætlun um stuðning í námi og kennslu

Meginähersla er lögð á að hver nemandi geti nýtt hæfileika sína til náms. Stoðkennsla er ein leið sem skólinn hefur til að styðja við nemendur í námi og skólastarfi. Hlíðaskóli er skóli án aðgreiningar með þjónustu fyrir alla nemendur sína. Jafnrétti til náms eru almenn mannréttindi og það er hlutverk skólans að stuðla að alhliða þroska og menntun allra nemenda. Stoðkennsla Hlíðaskóla byggir á grunnskólalögum, Aðalnámskrá grunnskóla og *stefnu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar.*

8. Einstaklingsnámskrá / einstaklingsáætlun

Þegar þörf er á verulegri aðlögun á námsefni, námsmarkmiðum, aðstæðum eða kennsluaðferðum nemanda er unnin fyrir hann einstaklingsnámskrá. Ferlið hefst á því að umsjónarkennarar og sérkennarar eða þroskaþjálfi meta stöðu nemandans. Í framhaldinu er útbúin áætlun í samvinnu við foreldra og nemanda, sem unnin er út frá bekkjarnámskrá.

9. Nemendur með fjölþættan vanda

Reykjavíkurborg hefur samþykkt verklagsreglur um þjónustu við grunnskólanemendur með fjölþættan vanda.

Markmið reglnanna er að:

- Skilgreina ábyrgð viðkomandi stofnana þegar vandi nemenda er alvarlegur og samsettur.
- Efla samstarf stofnana og tryggja að hlutverk og markmið hvers aðila séu skýr.

Þjónusta við þennan nemendahóp er breytileg. Hver nemandi er einstakur, með sín sérkenni og þarfir, sem kennslutilhögun skólans verður að taka mið af. Þjónustumiðstöð

Markmiðið með stofnun þjónustumiðstöðvanna er að gera þjónustu borgarinnar aðgengilegri fyrir íbúa og efla þverfaglegt samstarf sérfræðinga í málefnum barna og fjölskyldna og auka þannig lífsgæðin í höfuðborginni. Hlutverk sérfræðiþjónustu grunnskóla er að styðja við nám allra nemenda í grunnskólum. Verkefni sérfræðiþjónustu snúa bæði að nemendum og starfsfólki í skólunum og byggja að mestu á ákvæðum reglugerðar 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga og nemendaverndarráð og reglugerðar 585/2010 um nemendur með sérþarfir.

10. Önnur sérfræðiþjónusta

Áhersla er lögð á jafningjafræðslu þ.e.a.s. að fagfólk innan skólans miðli upplýsingum og reynslu sem nýtist í kennslu nemenda og/eða handleiðslu. Í samráði við foreldra er hægt er að kalla til kennsluráðgjafa frá Vesturmiðstöð í vettvangsathugun og vinnu með einstaklinga.

Einnig getur skólinn í samráði við foreldra leitað eftir sérhæfðri kennsluráðgjöf t.d. frá Farteymi Reykjavíkurborgar, Brúarskóla og Klettaskóla

11. Sérúrræði

Meginstefna Reykjavíkurborgar er að tryggja grunnskólanemendum með sérþarfir sem besta þjónustu. Stefnunni er ætlað að mæta þörfum nemenda í samræmi við lög og aðalnámskrá ásamt því að nýta fjármagn til sérkennslu á hagkvæman hátt. Nemendur sem ná ekki almennri námsframvindu miðað við aldur fá aukinn stuðning og námsaðstoð við hæfi.

12. Námsver/lesver

Stoðkennsla er sveigjanlegt vinnulag sem ætlað er að styðja við nemendur í skólastarfinu. Hún fer fram ýmist sem einstaklings- eða hópkennsla, hvort heldur sem er inni í bekkjarstofu eða í námsveri til skemmri eða lengri tíma. Sérkennarar sem þar starfa veita samkennurum einnig stuðning og ráðgjöf við val á námsefni og kennsluaðferðum sem henta þörfum hvers og eins nemanda.

13. Skólaþjónusta

Hlíðaskóli hefur aðgang að sérfræðiþjónustu hjá Miðlægri skólaþjónustu. Hægt er að óska eftir þjónustu kennsluráðgjafa, sálfræðings eða félagsráðgjafa en slíkar beiðnir fara í gegnum lausnateymi skólans.

Sálfræðingur

14. Talmeinafræðingur

Talmeinafræðingur sinnir nemendum sem þurfa íhlutun vegna framburðarvanda. Ef foreldrar óska eftir greiningu á málþroskavanda er haft samband við deildarstjóra stoðþjónustu.

15. Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði og samræmir þjónustu við einstaka nemendur eða nemendahópa varðandi skólaheilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu. Ráðið er skólastjóra til aðstoðar við framkvæmd stuðningsáætlana.

- **Skipan ráðsins:** Skólastjórnendur, deildarstjóri stoðþjónustu, námsráðgjafi, skólafélagsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur ásamt sálfræðingi og félagsráðgjafa frá Þjónustumiðstöð Reykjavíkur. Aðrir fagaðilar eru kallaðir til eftir þörfum.
- **Málsmeðferð og tilvísanir:** Málum skal vísað formlega til ráðsins. Starfsfólk, foreldrar, nemendur og sérfræðingar geta óskað eftir því að mál verði tekin fyrir, auk þess sem fulltrúar ráðsins geta haft frumkvæði að því. Ráðið geta einnig fundað óformlega um hvort taka eigi mál fyrir.
- **Samstarf við foreldra:** Ávallt skal upplýsa foreldra (bréflega eða með tölvupósti) ef máli barns er vísað til ráðsins og leita eftir samstarfi. Ráðið boðar foreldra, umsjónarkennara og aðra viðkomandi á fundi ef þörf krefur.

Að öðru leyti vísast til laga og reglugerða um starfsemi nemendaverndarráða.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma og halda utan um alla stoðþjónustu og sérfræðiþjónustu við nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi, úrræðum eða aðlögun að halda í skólastarfinu. Ráðið tryggir flæði og samstarf milli ólíkra kerfa innan og utan skólans, svo sem skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjafar, sérkennslu og sérfræðiþjónustu sveitarfélaga, auk þess að vera skólastjóra til ráðgjafar um framkvæmd stuðningsáætlana.
Í ráðinu sitja:

- skólastjórar skólans
- deildarstjóri stoðþjónustu
- náms- og skólafélagsráðgjafar
- skólahjúkrunarfræðingur ásamt sálfræðingi og félagsráðgjafa frá þjónustumiðstöð hverfisins, en aðrir fagaðilar og umsjónarkennarar eru kallaðir til eftir þörfum.

Ráðið fjallar um mál einstaka nemendur eða hópa sem vísað er þangað með formlegum hætti. af starfsfólki skólans, foreldrum eða sérfræðingum, auk þess sem fulltrúar ráðsins geta haft sjálfstætt frumkvæði að tilvísun mála. Þegar máli er vísað til ráðsins eru foreldrar ávallt upplýstir skriflega og haft er samráð við þá. Nemendaverndarráð metur þörf á viðbótarupplýsingum og boðar foreldra og umsjónarkennara á fundi til að finna viðeigandi úrræði. Ráðið gegnir einnig mikilvægu hlutverki í samþættingu þjónustu samkvæmt farsældarlögum með því að vinna þétt með tengiliðum og málstjórum í nærumhverfi barnsins.
Starfsreglur nemendaverndarráðs í grunnskóla taka mið af Lögum um grunnskóla og gildandi reglugerðum um skólaþjónustu

10. Tómstundastarf

ÍTR starfrækir frístundaheimilið Eldflaugina innan skólans fyrir nemendur í 1.–4. bekk. Eldflaugin tekur við þegar skóla lýkur kl. 13:40 hjá þeim börnum sem þar eru skráð. Foreldrar skrá börn sín á Mínum síðum Reykjavíkurborgar.
Á hverju skólaári er haldin árshátíð fyrir unglinga, nýnemaball, jólaball, og nokkrar aðrar skemmtanir í samstarfi við félagsmiðstöðina Gleðibankann. Einnig tekur skólinn þátt í Skrekk. Stjórn nemendafélagsins skipuleggur nokkrar skemmtanir fyrir nemendur á miðstigi í samvinnu við félagsmiðstöðina, dagskráin hangir upp á vegg fyrir framan Gleðibankann.
Félagsmiðstöðin Gleðibankinn fyrir nemendur í 5.-10. bekk er til húsa í Hlíðaskóla. Forstöðumaður er Gunnlaugur Víðir Guðmundsson s. 695-5215 og aðstoðarforstöðukona er Anna Margrét Káradóttir. Gleðibankinn vinnur í nánu samstarfi við skólann og foreldra til að efla félagslíf, sjálfsmynd og félagsfærni nemenda. Starfið er mikilvægur liður í forvarnarstarfi

hverfisins og býður upp á opið hús nokkrum sinnum í viku ásamt fjölbreyttri dagskrá á og utan skólatíma. Öllum er velkomið að koma og kynna sér starfsemina.

Félagsmiðstöðin er mikilvægt skólastarfinu og styður við félagsfærni, sjálfsmynd og virka þátttöku nemenda. Með viðveru á skólatíma, stuðningi við nemendafélög og fjölbreyttu frístundastarfi er stuðlað að vellíðan allra. Starfið hefur mikið forvarnargildi þar sem unnið er gegn einangrun og samskiptavanda með því að efla heilbrigðan lífsstíl, sköpun og virðingu.

11. Mat á skólastarfi

Sveitarfélög bera ábyrgð á mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr. grunnskólalaga. Þau veita ráðuneytinu upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra og ytra mat, framgang skólastefnu og umbótaáætlanir, ásamt því að fylgja matinu eftir til að tryggja framfarir í skólastarfi. Samkvæmt lögunum skal hver grunnskóli meta árangur og gæði starfsins með kerfisbundnum hætti í virku samstarfi við starfsfólk, nemendur og foreldra. Niðurstöður innra mats, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur skulu birtar opinberlega.

Skólastjórnendur bera ábyrgð á innra og ytra mat í grunnskólum Reykjavíkur.

Hér eru almennar upplýsingar um innra og ytra mat í grunnskólum Reykjavíkur.

1. **Innra mat**

Innra mat fer fram með ýmsum hætti. Ber þar fyrst að nefna foreldraviðtöl sem eru gerð í öllum árgöngum. Skólapúlsinn og skólaþing nemenda í 6.- 10. bekk þar sem nemendur koma með hugmyndir og ábendingar á lýðræðislegum grunni til að bæta skólastarfið.

Af og til eru gerðar rafrænar kannanir meðal foreldra og starfsmanna þar sem fólki gefst tækifæri til að meta helstu atriði sem ánægja er með í skólastarfinu og benda á það sem betur mætti fara.

Starfsþróunarsamtöl eru hluti af innra mati skólans.

Í vetur stendur til að skólastjórnendur fari í innlit í kennslustundir sem er partur af leiðsagnarnáminu sem skólinn starfar eftir.

Hér er hlekkur á skýrslu um innra mat 2026-2027.

2. **Ytra mat**

Viðmið um gæði í grunnskólum hafa verið endurskoðuð nokkrum sinnum af Menntamálastofnun síðan 2018. Endurskoðun fór síðast fram í nóvember 2022 með hliðsjón af lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, sjá hér .

SFS annast ytra mat sem fer þannig fram að könnun er send til starfsmanna annars vegar og foreldra hins vegar. Þessar kannanir eru leiðarljós við skipulag og þróun skólastarfs. má finna síðustu Ytra matskýrslu SFS

3. **Umbótaáætlun fyrir skólaárið**

Umbótaráætlun Hlíðaskóla byggir á niðurstöðum innra mats árið 2025-2026.

Áætlunin tekur mið af framtíðarsýn skólans um inngildandi samfélag, leiðsagnarnáms og teymiskennslu.

12. Skólaráð

Í Hlíðaskóla starfar skólaráð samkvæmt 8. gr. grunnskólalaga nr.91/2008

> *„Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar“.*

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Hlutverk skólaráðs er að:

- Fjalla um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- Fjalla um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- Taka þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið.
- Fylgjast með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.
- Fjalla um skólareglur, umgengni hætti í skólanum.
- Fjalla um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti,

öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað.

- Taka þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Ráðið setur sér vinnuáætlun og verkefnaskrá fyrir skólaárið, ákveður hve oft verður fundað, á hvað er lögð áhersla o.s.frv. Fundargerðir skólaráðs eru birtar á heimasíðu skólans.

Skipan skólaráðs skólaárið 2026-2027:

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir skólastjóri	hafdis.gudrun.hilmarsdottir@reykjavik.is
Anna Soffía Reynisdóttir	anna.soffia.reynisdottir@reykjavik.is
Ingibjörg Kristinsdóttir	ingibjorg.kristinsdottir@reykjavik.is
Guðni Kristmundsson, fulltrúi starf.	gudni.kristmundsson@reykjavik.is
Bryndís Jónatansdóttir, fulltrúi foreldra	bryndis.jonatansdottir@gmail.com
Einar Máni Friðriksson, fulltrúi foreldra	einarmani@gmail.com
Valgerður Marija Purusic, fulltrúi grennd.	vala@valur.is
Bjarni Bergþórsson, fulltrúi nemenda	bjbe05@gskolar.is
Lillian Adaeze Alves Nwaugo, fulltrúi nem.	lian02@gskolar.is

Nánar er fjallað um hlutverk ráðsins í reglugerð 1157/2008.

Verkefni skólaráðs Hlíðaskóla fyrir árið 2026-2027:

Mánuður	Regluleg verkefni
September/október	Skipulag, starfsáætlanir, umbótaáætlun, skólaaðstæður, húsnæði, starfsáætlun skólans.
Nóvember/ desember	Mat á skólastarfi, drög að skóladagatal, jóladagskrá, undirbúningur opins fundar skólaráðs sem er haldinn árlega.
Janúar/febrúar	Mál frá nemendum. Skólaumhverfið, nemendur koma með það sem liggur þeim á hjarta.
Mars/apríl	Undirbúningur næsta skólaárs. Skóladagatal samþykkt, starfsþróun, fjárhagsstaða og rekstraráætlun.
maí/júní	Skipulag vors, skólalok og útskriftar. Niðurstöður kannanna, skipulag næsta árs og skólaárið gert upp.

13. Foreldrafélag skóla og foreldrasamstarf

Foreldrafélag er starfrækt í Hlíðaskóla samkvæmt 9.gr. laga um grunnskóla, 91/2008. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess í sínum skóla og á að vera félaginu innan handar og veita aðstoð eftir þörfum. Allir foreldrar og forráðamenn nemenda Hlíðaskóla eru félagar í foreldrafélagi skólans. Félagið hefur aðstöðu í skólanum til fundahalda og annarrar starfsemi. Helstu verkefni foreldrafélagsins að undanförnu hefur verið að skipuleggja nemendaferðalög og nemendasamkomur.

Markmið foreldrasamstarfs er að:

- styðja við skólastarfið
- stuðla að velferð nemenda skólans
- efla tengsl heimilis og skóla
- hvetja til virkrar þátttöku forráðamanna í skólastarfi
- hagsmunagæsla, aðhald og eftirlit með skólastarfinu

Stjórn foreldrafélagsins

Bekkjarfulltrúar eru kosnir að hausti úr hópi foreldra í hverjum bekk. Bekkjarfulltrúar eiga sæti í fulltrúaráði foreldrafélagsins. Fulltrúar skipta með sér verkum vegna undirbúnings þeirra atburða sem félagið stendur fyrir og virkja aðra foreldra eftir þörfum.

- Formaður: Ösp Árnadóttir, osp.arnadottir@gmail.com
- Varaformaður: Guðrún Hildur Ragnarsdóttir, gudrun08@gmail.com
- Ritari: Arna Óttarsdóttir, arnaottars@gmail.com
- Gjaldkeri: Anna Svava Knútsdóttir, anna@valdis.is
- Meðstjórnandi: Arna Rúnars Crowley, arna.crowley@gmail.com
- Meðstjórnandi: Bryndís Jónatansdóttir, bryndisjonatans@gmail.com
- Meðstjórnandi: Einar Máni Friðriksson, einarmani@gmail.com
- Meðstjórnandi: Eva Jósteinsdóttir, evajosteinsdottir@gmail.com
- Meðstjórnandi: Hafdís Vigfúsdóttir hafdis.vigfusdottir@gmail.com
- Meðstjórnandi: Halldór Arnarsson halldor.arnars@gmail.com
- Meðstjórnandi: Ingibjörg Kristjánsdóttir ingibjorgk@gmail.com
- Meðstjórnandi: Marissa Pinal, framifraile7@gmail.com
- Meðstjórnandi: Steinunn Edda Steingrímsdóttir, steinunnedda@gmail.com

Viðburðir á vegum foreldrafélagsins

Foreldrafélagið stendur fyrir farsældarkvöldum í október, hvert stig er saman á farsældarkvöldi þar sem boðið er upp á súpu og skrifað undir farsældarsáttmála.

Haldið er árlegt jólaföndur sem foreldrafélagið sér um, einnig er vorhátíð haldin á hverju vori fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra. Bekkjafulltrúar skipuleggja svo viðburði hjá sínum árgangi, yfirleitt einn viðburður fyrir áramót og annar eftir áramót.

14. Nemendafélag Hlíðaskóla

Samkvæmt grunnskólalögum 91/2008, segir í 10. gr. um starfsemi nemendafélaga við grunnskóla:

> *Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr*

Stjórn nemendafélags Hlíðaskóla 2026-2027:

- Formaður: Bjarni Bergþórsson
- Varaformaður: Lillian Adaeze Alves Nwaugo
- Ritari: Katrín Borg Jakobsdóttir

Viðburðir og hefðir í félagsstarfi

Nemendafélag Hliðaskóla vinnur náið með félagsmiðstöðinni Gleðibankanum. Allar hugmyndir eru frá unglingum í samstarfi með starfsfólki Gleðibankans.

Hlutverk nemendaráðs er að:

- vinna að hagsmuna- og velferðarmálum allra nemenda
- vera fyrirmynd í orði og gjörðum innan skólans sem utan
- útbúa starfsáætlun nemendaráðs
- vera talsmenn nemenda og koma hugmyndum og ábendingum þeirra áleiðis inn á borð nemendaráðs
- bera upp erindi til umfjöllunar á fundum ráðsins. Bregðast skal við og skrá öll þau mál sem borin eru upp af fundarmönnum
- hvetja aðra nemendur til þátttöku í starfi skólans og félagstarfi með jákvæðu umtali
- hlusta á hugmyndir frá öðrum nemendum, vera skapandi og stuðla þannig að því að allir nemendur upplifi sig sem hluta af heildinni
- skipuleggja og mæta á nemendaráðsfundi og taka virkan þátt í umræðum og verkefnum á fundunum
- koma að undirbúningi og útfærslu viðburða með og hjálpa starfsfólki við frágang að viðburðum loknum

Ritari skal ávallt skrá niður í sérstaka fundagerðarbók það sem fram fer á fundum ráðsins. Meti stjórnendur skólans svo að nemendaráðsmaður sé ekki að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru til hans er viðkomandi áminntur eða látin víkja úr ráðinu svo hægt sé að hleypa öðrum áhugasömum að. Þó er umsvifalaust brottrekstrarsök gerist nemendaráðs fulltrúi uppvís að broti á landslögum, reglum skólans eða félagsmiðstöðvarinnar, en þess þó gætt að andmælaréttur þeirra sé virtur. Nemendaráð starfar undir leiðsögn Vilhjálms Pálma Snædal, kennara.

15. Hagnýtar upplýsingar um skólastarfið

1. Opnunartími/ sími og skrifstofa

Hlíðaskóli er staðsettur við Hamrahlíð 2.

Opnunartími skrifstofu alla virka daga: 8.00 – 14.30

Sími: 411-6650

netfang: *hlidaskoli@reykjavik.is*

2. Upplýsingastreymi

Á heimasíðu skólans er að finna allar helstu upplýsingar um skólastarfið. Þar eru meðal annars birtar fréttir af skólastarfinu og atburðum líðandi stundar. Umsjónarkennarar 1-7.bekkjar senda foreldrum reglulega helstu upplýsingar um bekkjarstarfið og það sem framundan er í hópnum.

3. Áríðandi skilaboð

Þegar koma þarf á áríðandi skilaboðum áleiðis er þeim komið á framfæri við skrifstofu sem kemur þeim áfram til hlutaðeigandi aðila. Allar nánari upplýsingar má finna í *Viðmið um samskipti forelda og kennara*

4. Frístundaheimili Eldflaugin/Tunglið.

Eldflaugin er frístundaheimili fyrir börn í 1.-4. bekk í Hlíðaskóla og er rekið af frístundamiðstöðinni Tjörninni. 1. og 2. bekkur hefur aðstöðu inni í kjallara skólans, 3. og 4.bekkur í rými aðeins ofar. Símanúmer Eldflaugarinnar er 664-7609.

Forstöðumaður er Bryndís Ýr Pétursdóttir

Aðstoðarforstöðukonur er Karen Sif Óskarsdóttir.

5. Forfallatilkynningar

- **Veikindi**

  Foreldrum ber að tilkynna veikindi og leyfi strax að morgni skóladags í síma 4116650 eða á www.mentor.is. Að öðrum kosti er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.

Þurfi nemandi að yfirgefa skólann á miðjum degi vegna skyndilegra veikinda eða annarra gildra ástæðna þarf foreldri að láta skrifstofu skólans vita. Sé þetta ekki gert er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.

Um slík leyfi gildir 15. grein laga um grunnskóla nr. 91 frá 2008 en þar segir:

„Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur."

Skólinn áskilur sér rétt til að hafna tímabundinni undanþágu frá skólasókn ef ástæða þykir til. Foreldrum og nemendum ber að kynna sér námsáætlanir og fylgja þeim en kennurum ber ekki skylda til að taka til námsefni fyrir nemendur eða sinna námsmati þeirra sem hafa fengið undanþágu frá skólasókn.

6. **Bókasafn**

Bókasafn skólans er lokað tímabundið vegna viðgerða á húsnæði skólans. Bókasafnið er staðsett tímabundið í stofu 113, þar sem námsver unglingadeildar er staðsett. Þar hafa nemendur aðgang að safninu og geta fengið bækur lánaðar.

Í skólalok á vorin þarf að skila inn öllum bókum.

Nemendur hafa einnig aðgang að Borgarbókasafni Reykjavíkur og geta fengið frítt lánþegaskírteini.

7. **Mötuneyti**

Mötuneyti skólans sér nemendum og starfsmönnum fyrir mat í hádeginu. Æskilegt er að nemendur komi með hollt og umbúðalaust morgunnesti að heiman fyrir nestistímann. Nemendur í 1.-7.bekk eiga kost á heitum hafragraut fyrir kennslu, frá 8:00-8:30. Nemendum í 8.-10.bekk býðst hafragrautur í frímínútum, kl:9:50-10:10. Grauturinn er í boði skólans.

Hér er hægt að sjá matseðilinn á heimasíðu skólans.

8. **Óskilamunir**

Nemendur eru hvattir til að passa vel fatnað og aðrar eigur sínar. Mikilvægt er að merkja vel skó, yfirhafnir og íþróttafatnað. Starfsfólk sér um að koma merktum fatnaði til nemenda. Ef fatnaður eða aðrar eigur skila sér ekki heim að loknum skóladegi eru foreldrar hvattir til að hafa samband við umsjónarmann skóla eða ritara.

9. **Frímínútur**

Nemendur í 1. til 7. bekk fara út í frímínútum og eiga að vera á skólalóð. Starfsfólk skólans sjá um gæslu á skólalóð og Vinaliðar leiða leiki í hádeginu fjórum sinnum í viku. Hlutverk

starfsmanna er að vera nemendum til halds og trausts og leysa ágreining ef upp kemur. Nemendur í 8. til 10. bekk ráða hvort þeir fara út eða eru inni í frímínútum. Kennarar og annað starfsfólk skóla sjá einnig um gæslu innan dyra.

10. **Íþróttir og skólasund**

Íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsi skólans og í íþróttahúsi Vals að Hlíðarenda. Nemendur í 1.–6. bekk eru í íþróttahúsi skólans en nemendur í 7.–10. bekk eru í Valsheimilinu. Sundkennsla nemenda fer fram í Sundhöll Reykjavíkur. Kennslan fer fram allan veturinn. Nemendum er séð fyrir akstri báðar leiðir. Boðið er upp á stöðupróf í nóvember og febrúar í 8 – 10 bekk. Nemendur sem hyggjast þreyta prófið tilkynna það til sundkennara ásamt undirskrift forráðamanns. Ef nemendur standast prófið jafngildi það lokaeinkunn í sundi.

11. **Viðtalstímar og tölvupóstur**

Allir kennarar eru með fasta viðtalstíma í viku hverri. Þá gefst nemendum og forráðamönnum tækifæri til þess að hitta kennara eða ræða við þá í síma. Jafnframt svara kennara tölvupósti og eru netföng allra starfsmanna skólans inn á heimasíðu Hlíðaskóla. Tölvupóstar eru almennt álitnir samskipti milli tveggja einstaklinga en ef þurfa þykir gætu þeir verið vistaðir í persónumöppu nemenda.

16. Ýmsar áætlanir og reglugerðir

1. **Viðbrögð við áföllum og slysum**

Í Hlíðaskóla er starfandi virkt áfallateymi sem fer eftir áfallaáætlun skólans. Hlutverk teymisins er að styðja við starfsfólk og nemendur og bregðast við þeim áföllum sem þeir kunna að verða fyrir. Hér er krækja á áfallaáætlun skólans

2. **Eineltisáætlun**

Hér er krækja á eineltisáætlun skólans

3. **Forvarnaráætlun**

Hér er krækja á forvarnaráætlun skólans.

4. **Viðbragðsáætlun atvikateymis.**

Er í vinnslu.

5. **Starfsþróunaráætlun**

Er í vinnslu.

6. **Jafnréttisáætlun**

Hér er krækja á jafnréttisáætlun skólans

7. **Umbótaráætlun**

Hér er krækja á umbótaráætlun skólans.

8. **Umhverfisáætlun**

Hér er krækja á umhverfisáætlun skólans.

9. Öryggisáætlun

Er í vinnslu.

10. **Viðbragðsáætlun Almannavarna**

Á heimasíðu Almannavarna er hægt að nálgast viðbragðsáætlanir vegna ýmiss konar hættu, eins og jarðskjálfta, eldgos og inflúensu.

11. **Viðbrögð við óveðri**

Hér er krækja á viðbrögðum við óveðri frá Almannavörnum.

12. Rýmingaráætlun

Hér er krækja á rýmingaráætlun skólans

13. **Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi**

Markmið reglnanna er að vernda börn gegn auglýsingum og markaðssókn í skóla- og frístundastarfi.